

AUGLÝSING

um deiliskipulag þéttbýlisins á Reykhólum, Hellisbraut, Reykhólahreppi.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps hefur þann 15. desember 2014 í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkt deiliskipulag við Hellisbraut á Reykhólum.

Skipulagssvæðið liggur við nyrðri enda Hellisbrautar að Maríutröð í þéttbýlinu á Reykhólum.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir tveimur 4ra íbúða raðhúsalóðum ásamt 7 einbýlis-húsalóðum með aðkomu frá Hellisbraut. Á skipulaginu eru afmörkuð 5 þegar byggð einbýlishús. Heildarstærð skipulagssvæðis er 2 ha.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. hreppsnefndar Reykhólahrepps, 15. maí 2015,

Bogi Kristinsson Magnúsen, skipulags- og byggingarfulltrúi.